Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Laugarvatni, **15. október 2020**
Tilvísun: *2009057 GAO*

**Efni: Holtabraut 15 L166453; Stækkun byggingarreits fyrir bílskúr; Deiliskipulagsbreyting**

Skipulagsnefnd hefur samþykkt að grenndarkynna ofangreinda tillögu. Málið fékk eftirfarandi afgreiðslu:

> Lögð er fram umsókn Vignis Svavarssonar er varðar breytingu á deiliskipulagi Brautarholts. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits fyrir bílskúr á lóð Holtabrautar 15.
>
> *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt.*

Hér með er ofangreind tillaga ásamt teikningum send eigendum aðliggjandi landeigna til kynningar skv. 44. gr. skipulagslaga og er gefinn frestur til 16. nóvember n.k. til að koma með athugasemdir við tillöguna og skulu þær þá berast skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, eða í tölvupóstfangið gunnar@utu.is. Hægt er að stytta tímabil grenndarkynningar með því að lýsa skriflega yfir með áritun á uppdrátt að ekki sé gerð athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Gunnar Aron Ólason
Ritari skipulagsfulltrúa

# SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - BRAUTARHOLT - DEILISKIPULAGSBREYTING




Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:1.000




Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:1.000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann ________________

Minnkaður mælikvarði

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann________________




Úr aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029



Yfirlitsmynd - ekki í kvarða

## Greinargerð

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Breytingin felst í að byggingareitur fyrir bílskúr á lóðinni Holtabraut 15 er rýmkaður.

Breytingin hefur að öðru leyti ekki nein áhrif á deiliskipulagið né byggingarskilmála.

## Skýringar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| (rauð strikalína) | Mörk deiliskipulags | F=1.027m² | Flatarmál lóðar í fermetrum |
| (blá strikalína) | Mörk dlsk-breytingar | (rauður reitur) | Núverandi byggingar |
| (gulur reitur) | Byggingarreitur, hámark | (hvítur reitur) | Gata |
| | | (14) | Húsnúmer |

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á uppréttri loftmynd frá Loftmyndum ehf.

| | | |
|---|---|---|
| HEITI VERKS: SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR BRAUTARHOLT | | |
| HEITI TEIKNINGAR: HOLTABRAUT HOLTABRAUT 15 | | |
| VERKNR: 207-016 | MKV: 1:1.000 | TEIKNING NR: 1 |
| TEIKNAÐ AF: gg | HANNAÐ AF: | DAGS. TEIKN: 15. sept. 2020 |
| YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |

LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR
Austurvegi 6 - 800 Selfoss
s: 482 4090
netf: landform@landform.is